

Kristjana Vigdís Ingvadóttir, ÞRAUTSEIGJA OG MIKILVÆGI ÍSLENSKRAR TUNGU. UM NOTKUN DÖNSKU OG ERLEND ÁHRIF Á ÍSLENSKU. Sögufélag. Reykjavík 2021. 320 bls. Nafnaskrá, myndaskrá, töflur og súlurit, útdráttur á ensku.

Þessi bók fjallar um notkun dönsku á Íslandi á átjándu og nítjándu öld út frá rannsókn höfundar á tungumálanotkun í bréfaskiptum embættismanna. Seinni hluti undirtílsins, „erlend áhrif á íslensku“, gæti bent til þess að fjallað væri um bein áhrif dönsku á íslenskt mál, málkerfi þess og orðaforða. En höfundur tekur fram í upphafi að það sé ekki tilgangurinn: „Vakin skal athygli á því að dönsk máláhrif eru ekki sérstaklega skoðuð í rannsókninni heldur er lögð áhersla á að skoða hvernig aukin dönskuþekking og -notkun hafði áhrif á tungumálanotkun Íslendinga ...“ (bls. 16). Hér er því fjallað um *umdvæmi* málsins en ekki *form* þess svo að notað sé orðfæri sem nú tíðkast.

Grunnur bókarinnar er BA-ritgerð höfundar í sagnfræði við Háskóla Íslands. Sú ritgerð fjallaði um notkun dönsku á Íslandi á átjándu öld og samsvarar um það bil öðrum til fjórða kafla bókarinnar. Lauslegur samanburður sýnir að megnið af ritgerðinni hefur ratað lítið breytt inn í þessa kafla þótt vissulega sé ýmsu bætt við, einkum undirkafla um stöðu Íslands og íslensku innan danska konungsríkisins með nokkrum samanburði við Færeyjar og Grænland sem er gagnlegur en óþarflega endurtekningasamur. Síðan víkkaði höfundur út rannsókn sína með því að taka nítjándu öldina fyrir á svipaðan hátt í fimmta og sjötta kafla bókarinnar og bæta við fyrsta kafla um lýsingu á íslenskri stjórnskipun og þjóðfélagi og tengslum við Danmörku á sautjándu og átjándu öld. Síðasti kaflinn er svo hugleiðingar höfundar um líkindi milli danskra áhrifa á Íslandi fyrr á öldum og enskra áhrifa nú. Þótt bókin sé að stofni til BA-ritgerð er hún nú gefin út sem fræðirit og hefur verið ritrýnd, og verður því metin á þeim forsendum.

Í upphafi segir (bls. 15): „Ekki fjalla margar rannsóknir einungis eða sérstaklega um tungumálanotkun á Íslandi á átjándu og nítjándu öld ...“, en þó er meðal annars vísað í vandað yfirlit Kjartans G. Ottóssonar, *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit*, sem Íslensk málnefnd gaf út 1990, og ýmsar greinar Auðar Hauksdóttur í *Skírni* og víðar. Mikið er vitnað í þau bæði en fleira mætti nefna, til dæmis tvær greinar Svavars Sigmundssonar: „Hreinsun íslenskunnar“ í *Íslensku máli* 12–13, 1990–1991 og „Staða rannsókna á máli 18. aldar“ í *Vefni* 1998. Megindrættirnir í sögu og þróun dönskunotkunar á Íslandi eru vel þekktir, ekki síst úr bók Kjartans – danska var mikið notuð af embættismönnum og kaupmönnum fram um miðja nítjándu öld en þá fór að draga úr dönskunotkun samfara þjóðernishugmyndum og sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Sjálfstætt framlag höfundar felst í rannsókn á bréfabókum valinna embættismanna á átjándu og nítjándu öld. Tekið er úrtak úr bréfabókunum, bæði bréf sem embættismennirnir skrifuðu og þau sem þeim bárust, og kannað á hvaða tungumáli bréfin eru og hverjir viðtakendur og bréfritarar eru. Þessi athugun sýnir að lengst af notuðu amtmenn einkum dönsku í bréfum sínum, hvort sem þeir voru danskir eða íslenskir. Örsjaldan var notuð íslenska í bréfum til almúgafólks. Þetta fór að breytast um miðja nítjándu öld og 95% af bréfum amtmanns Vesturamts frá 1873–1876 eru á íslensku. Bréf til amtmanna voru að miklum meirihluta á íslensku á átjándu öld enda voru amtmenn íslenskir frá því um miðja öldina. Þetta er mjög fróðleg rannsókn og forsendum hennar og framkvæmd vel lýst. Niðurstöðurnar eru settar fram á skýran hátt í töflum og súluritum og ríma ágætlega við þá heildarmynd sem venjulega er dregin upp af viðfangsefninu.

Það er þó óheppilegt og dálítið villandi að ekki eru skoðuð sams konar bréf frá átjándu og níttjándu öld. Frá átjándu öld er skoðað úrtak úr bréfum til amtmanns úr þremur völdum sýslum, enda „lögð áhersla á að greina og skoða erindi Íslendinga sem hefðu getað skrifað á íslensku“ (bls. 107nm). Flest þessara bréfa eru líka á íslensku fyrir utan bréf frá sýslumönnum sem voru iðulega danskmenntaðir og því ekkert óeðlilegt að þeir skrifuðu oft á dönsku, sérstaklega þegar viðtakandi var danskur amtmaður (eða konungur). Frá níttjándu öld er hins vegar skoðað úrtak úr öllum bréfum til amtmanns. Þar koma því bréf frá dönskum stjórnarsýslustofnunum eins og rentukammeri og kansellíi, og síðar ráðuneytum, og eru oft talsverður hluti af bréfunum. Öll slík bréf eru vitaskuld á dönsku og hækka hlutfall dönsku í bréfasafninu að mun. Þetta leiðir til þess að tölur um hlutfall bréfa til amtmanns á íslensku og dönsku fyrir átjándu öld annars vegar og níttjándu öld hins vegar, eins og sýnt er í súluriti 2 á bls. 121 og súluriti 4 á bls. 251, eru fullkomlega ósambærilegar.

Þótt rannsókn höfundar á bréfaskiptum amtmanna sé gagnleg og gefi mynd af tungumálanotkun í stjórnarsýslu landsins segir hún ekkert um daglegt mál almennings. Engin ástæða er til að ætla annað en höfundur geri sér fulla grein fyrir þessu en stundum er orðalag þó eilítið villandi hvað þetta varðar. Á bls. 14 segir til dæmis: „Þannig er hægt að sjá hvaða tungumál menntaðir embættismenn notuðu helst og hvaða tungumál ómenntaður almenningur notaði,“ og á bls. 20 segir: „Með því að skoða bréfin frá almenningi ætti að fást mynd af tungumálanotkun almennings ...“ Lengst af athugunartímans var dönskukunnátta almennings mjög lítil þótt hún hafi smátt og smátt farið vaxandi þegar leið á níttjándu öldina. Málleg dönsk áhrif náðu nær eingöngu til fámennrar stéttar embættismanna og fólks á fáeinum verslunarstöðum kringum kaupmennina sem yfirleitt voru danskir. Allt bendir til að þau hafi að mjög litlu leyti náð til almennings.

Síðasti kafli bókarinnar, samanburður á dönskum áhrifum á athugunartímanum og enskum áhrifum nú, er fyrst og fremst hugleiðingar og mat höfundar en ekki rannsókn. Vitnað er í blaðagreinum og umræður á Alþingi en ekki í fræðilegar greinar sem vissulega eru til um ensk áhrif á íslensku í samtímanum, til dæmis greinar í *Skírni* 2016, 2018 og 2019 eftir undirritaðan, Harald Bernharðsson og Sigríði Sigurjónsdóttur – í grein Haraldar er umhverfi íslenskunnar 1818, 1918 og 2018 meira að segja borið saman. Þótt dönsk áhrif fyrr á tímum og ensk áhrif í samtímanum séu vissulega stundum nefnd í sömu andrá er bæði eðli áhrifanna og gerð samfélagsins svo ólíkt að erfitt er að bera þetta saman á marktækan hátt. Ég tel að betur hefði farið á að sleppa þessum kafla.

Meðferð heimilda og tilvísana er verulega ábótavant. Mjög algengt er að í efnisgrein eða hluta efnisgreinar komi fyrir mörg efnisatriði, þar af oft tvær eða fleiri beinar tilvitnanir innan gæsalaппa. Á eftir kemur neðanmálsgrein þar sem taldar eru upp heimildir, mjög oft fleiri en ein. Það er oft erfitt og tímafrekt að finna út hvaðan einstök efnisatriði og tilvitnanir eru komin. Um þetta mætti taka fjölda dæma en hér skal látið nægja að nefna að á bls. 187–188 er efnisgrein með tveimur tilvitnunum innan gæsalaппa. Í neðanmálsgreininni eru tilgreindar fjórar heimildir og ómögulegt að átta sig á því nema með töluverðri fyrirhöfn að tilvitnanirnar eru báðar í þá næstfyrstu. Þar eru tilgreindar þrjár síður (81, 88–89) og verður lesandinn sjálfur að finna út að tilvitnanirnar eru á bls. 88. Þar sem ljóst er í hvaða rit er verið að vitna eru iðulega tilgreind röng eða ónákvæm blaðsíðutöl.

Í fræðiriti er grundvallarkrafa að vísa í frumheimildir og frumútgáfur sé þess kostur en misbrestur er á því í bókinni. Þannig er mjög oft vitnað í áður nefnda bók Kjartans G. Ottóssonar en iðulega hefði verið ástæða til að vísa fremur beint í þær heimildir sem Kjartan tilfærir. Einnig er vísað í útgáfu Baldurs Jónssonar á sex greinum frá því um miðbik níttjándu aldar í bókinni

Þjóð og tunga frá 2006, í stað þess að vísa í frumprentanir greinanna í blöðum og tímaritum. Allar þessar greinar eru aðgengilegar á *tímarit.is* og hefði verið hægt að vísa í þær þar. Þótt útgáfa Baldurs sé vönduð er stafsetning þar færð til nútímahorfs. Það er líka hætt við að val Baldurs á greinum hafi þrengt sjónarhorn höfundar – einu aðrar blaðgreinarnar frá þessum tíma sem vitnað er til eru fjórar greinar Jóns Sigurðssonar, ein þeirra reyndar að hluta birt í áður nefndri bók.

Sjálfstæði höfundar gagnvart heimildum sínum mætti vera meira. Til þess bendir meðal annars aragrúi orðréttra tilvitnana sem margar hverjar eru óþarfar, í þeim skilningi að hvorki orðalag þeirra né efni er nauðsynlegt fyrir umfjöllunina en þær trufla hins vegar stundum flæði textans. Annað er það hversu mikið er gert af því að endursegja heimildir. Þetta er sérstaklega áberandi á bls. 175–183 þar sem sagt er frá nokkrum greinum í ritinu *Þjóð og tunga*. Heilli síðu (176–177) er varið í að endursegja grein Þórðar Jónassen og annarri (181) í að endursegja grein Sigurðar L. Jónassonar. Þarna hefði farið betur á meiri samþjöppun og úrvinnslu.

Sums staðar kemur fram misskilningur eða rangtúlkun á heimildum. Alvarlegast er það sem segir í umfjöllun um Bjarna Jónsson, Skálholtsrektor 1753–1781, á bls. 133: „Kjartan G. Ottósson bendir á að Bjarni sjálfur hafi talað „lélegan dönskublending allt fram yfir aldamótin“ og verið talinn sérstaklega slæmur meðal kennara í Skálholti.“ Í neðanmálgrein er vísað í bls. 96 í bók Kjartans, en þar segir: „Á hinn bóginn töluðu sumir kennaranna lélegan dönskublending allt fram yfir aldamótin. Sérstaklega voru þeir slæmir Bjarni Jónsson, sem var rektor 1851–1868“ Þarna er sem sé ruglað saman Bjarna Skálholtsrektor og alnafna hans sem var rektor Lærða skólans í Reykjavík – heilli öld síðar. Þetta er sérstaklega óheppilegt í ljósi þess að bréf Bjarna Skálholtsrektors þar sem hann lagði til að danska yrði tekin upp í stað íslensku er eiginlega kveikjan að bókinni eins og nefnt er á bls. 13.

Á bls. 68 segir: „... hreitungustefnan ... náði útbreiðslu á Íslandi um miðja átjándu öld.“ Vísað er í Kjartan G. Ottósson um þetta, en á tilvitnuðum stað (bls. 14) segir hann aðeins: „Nokkur kaflaskipti verða síðan um miðja 18. öld. Upp úr því tekur að gæta fyrstu þjóðernisvakningar sem stendur undir nafni meðal íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn.“ Þetta þýðir vitaskuld ekki að hreitungustefna hafi náð útbreiðslu um miðja öldina, enda stendur á bls. 69 að hún hafi náð útbreiðslu „á síðari hluta átjándu aldar“ og á bls. 71 kemur fram að samkvæmt rannsókn Jóhannesar B. Sigtryggssonar eru áhrif málhreinunar ekki komin fram í bréfum til Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Fleiri dæmi mætti nefna um hæpna eða ranga túlkun heimilda og innbyrðis mótsagnir í textanum.

Stíllinn er stundum dálítið staglkenndur og endurtekningasamur. Sem dæmi má taka tvær samhangandi málgreinar á bls. 51: „Rannsókn Gustafsson á því hverjir höfðu raunveruleg völd á Íslandi sýnir hve valdamikil embættismannaelítan var. Hann bendir sem dæmi á hve erfitt það var að koma á lögum á Íslandi ef embættismannaelítan vildi þau ekki – hún hafi haft það mikil völd.“ Neðst á bls. 73 segir: „Árið 1794 var *Hið íslenska Landsuppfræðingafélag* stofnað en það var Magnús Stephensen dómstjóri sem var „lífið og sálin í þeim félagsskap“. Hið nýja félag var stofnað á Alþingi“ Efst á næstu bls. segir svo: „*Landsuppfræðingafélagið* var stofnað á Alþingi og Magnús Stephensen lögmaður og síðar dómstjóri stjórnaði útgáfunni.“

Nokkuð er um frágangsvillur af ýmsu tagi í bókinni, meðal annars í tilvitnunum. Sem dæmi má nefna að á bls. 68 er „átjándu aldar“ skotið inn í orðréttu tilvitnun; í tilvitnun á bls. 75 er „fara eftir“ sett í stað „fylgja“; í tilvitnun á bls. 135 er „fjárráð“ sett í stað „fjör ráð“ og „þá“ í stað „þó“; og á bls. 185 er „árið 1842“ skotið inn í orðréttu tilvitnun. Prentvillur eru allnokkrar og á

fáeinum stöðum er vikið frá málstaðli. Ýmsar smávægilegar villur og ósamræmi er að finna í heimildaskrá.

Heimildaskrá er skipt í „Prentaðar heimildir“ og „Óprentaðar heimildir“, en „Vefheimildir“ er undirdeild í Prentuðum heimildum. Sumt af því sem fellur undir Vefheimildir eru greinar í rafrænum tímaritum sem eru algerlega sambærileg við prentuð tímarit og sum þeirra eru meira að segja prentuð líka, þótt svo vilji til að höfundur hafi nýtt sér rafrænu útgáfuna. Nú eru rafræn tímarit orðin svo mörg að það er ruglandi að hafa þau ekki með öðrum tímaritum í heimildaskrá.

Bókin *Prautseigja og mikilvægi íslenskrar tungu* er án efa gagnlegt og fróðlegt yfirlit fyrir fólk sem þekkir ekki mikið til viðfangsefnisins, eins og viðtökur hennar benda líka til. En hún stendur því miður ekki undir þeim kröfum sem gera verður til ritrýndra fræðirita um veigamikið vísindalegt framlag og fræðileg og vönduð vinnubrögð.

Eiríkur Rögnvaldsson